

18.10.2013

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/16*  
*komudagur 18.10.2013*

**6.mál**, leikskóli að loknu fæðingarorlofi.

Fyrri umsögn Barnaheilla gildir einnig um þessa breyttu tillögu.

*Bestu kveðjur / best regards,*

**Barnaheill - Save the Children á Íslandi**

Erna Reynisdóttir

Framkvæmdastjóri/CEO

sími/tlf: [\(+354\) 553 5900](tel:+3545535900) / gsm (+354) 820 7255

[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

Reykjavík 24. september 2013

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.**

**142. löggjafarþing 2013. Þingskjal 96 — 37. mál.**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Samtökin telja mjög mikilvægt að komið verði á slíku úrræði og þannig verði öllum börnum á Íslandi tryggð örugg umönnun og menntun eftir að fæðingarorlofi foreldra þeirra lýkur. Með því að tryggja öllum börnum leikskólavist strax eftir að fæðingarorlofi lýkur, er eytt þeirri óvissu og óöryggi sem íslenskir foreldrar hafa til þessa þurft að standa frammi fyrir að loknu fæðingarorlofi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru og ekki skuli mismuna börnum vegna aðstæðna þeirra eða foreldra þeirra. Í þingsályktunartillögunni er vitnað til lögfestar markmiðslýsingar íslenskra leikskóla. Þar er getið að í leikskólum skuli velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi og skulu starfshættir mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar. Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja að tryggt sé að börnum í íslenskum leikskólum sé ekki mismunað eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra s.s. vegna trúar.

Samtökin leggja jafnframt mikla áherslu á að á leikskólum verði þörfum barnanna mætt miðað við aldur þeirra og þroska.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir  
framkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/3*  
*komudagur 11.10.2013*

---

**From:** Jóhanna Einarsdóttir <joein@hi.is> on behalf of Forseti Menntavísindasviðs <forsetimvs@hi.is>  
**Sent:** 11. október 2013 14:04  
**To:** Nefndasvið umsagnir  
**Subject:** Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

Menntavísindasvið fagnar framkominni tillögu. Athugasemdir beinast einkum að orðalagi greinargerðarinnar. Þar er talað um dagvistun og leikskólaúrræði í stað menntunarhlutverk leikskólans eins og fram kemur í lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskólastigsins.  
Virðingarfyllst,  
Jóhanna Einarsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

-----  
Jóhanna Einarsdóttir  
Forseti / Dean  
Menntavísindasvið / School of Education  
Háskóli Íslands / University of Iceland  
Stakkahlíð, 105 Reykjavík  
Sími / Tel: +354-525-5502

Fyrirvari: <http://www2.hi.is/page/disclaimer>

17.10.2013

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/12*  
*komudagur 17.10.2013*

Bæjarráð Hveragerðisbæjar kom saman kl. 8:00 að morgni fimmtudagsins 17. nóvember 2013 og var ofangreind tillaga rædd á fundinum.

„Bæjarráð tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í þingsályktuninni að eðlilegast væri að leikskóli tæki við strax að loknu fæðingarorlofi. Aftur á móti leggur bæjarráð áherslu á að leikskólar eru á forræði sveitarfélaganna sem bera allan kostnað af rekstri þeirra og því þurfa fjármunir að fylgja öllum lagabreytingum sem lúta að aukinni þjónustu.“

F.h. Hveragerðisbæjar,

Með kveðju,  
Hanna Lovísa Olsen  
þjónustufulltrúi  
Hveragerðisbær  
Sunnumörk 2  
Sími: 483-4000  
Fax: 483-4801  
[www.hveragerdi.is](http://www.hveragerdi.is)

15.10.2013

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/8**  
**komudagur 15.10. 2/143/8**

Allsherjar- og menntamálanefnd.

6 mál

Vænti þess að meðf. umsögn sem sambandið sendi um sama mál í september sl. verði áfram inni á málinu þótt þingsályktunartillagan sé nú lögð fram að nýju.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
Guðjón Bragason



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 29. september 2013

1309032SA GB  
Málalykill: 401

### Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 37. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. september 2013, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan hljóðar svo:

*„Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa í samráði við innanríkisráðherra nefnd með þátttöku sveitarfélaganna og annarra hagsmunaaðila, sérfræðinga og stjórnmalaflokka, er geri tillögu að áætlun um hvernig sveitarfélögin standi að því að bjóða leikskólaúræði strax og fæðingarorlofi lýkur. Miðað verði við að þegar fæðingarorlofið hefur verið lengt í 12 mánuði árið 2016 verði sveitarfélög um landið reiðubúin að veita þjónustuna. Nefndin skili tillögum til ráðherra fyrir 1. febrúar 2014.“*

#### Almennt um þingsályktunartillöguna

Umræða um kosti og galla þess að lögfesta rétt allra barna til leikskólavistar frá 12 mánaða aldri hefur staðið yfir með hléum um árabíl. Tillaga þess efnis var m.a. til umfjöllunar í tillögum sem velferðarráðuneytið birti í apríl 2013, um aðgerðir til að vinna gegn fátækt. Einnig var málið til umfjöllunar í vinnu starfshóps um gerð aðgerðaáætlunar í málefnum ungs fólks, sem nýlega var leystur upp án þess að skila formlegum tillögum. Í umsögn sambandsins um drög að tillögum starfshópsins, dags. 18. apríl 2013, kom fram eftirfarandi afstaða af hálfu sambandsins:

*„Í þessari tillögu er verið að leggja til að lögfest verði að öllum börnum standi til boða leikskólapláss þegar þau hafa náð 12 mánaða aldri. Markmið sem þetta er góðra gjalda vert en óhugsandi að hrinda tillögunni í framkvæmd án ítarlegs kostnaðarmats og samráðs við sveitarfélögin um verkefnið eins og ákvæði sveitarstjórnarlaga um samskipti ríkis og sveitarfélaga kveða á um. Kostnaður vegna þessarar aðgerðar yrði mikill og þyrfti líklegast að hækka hámarksútsvarið eða hækka gjaldskrá leikskóla töluvert og færa nær raunkostnaði. Bent skal á að raunkostnaður við hvert leikskólapláss á mánuði m.v. átta tíma vistun er um 143.000 kr.*

*Annað sem huga þarf að er að manna þarf þau viðbótarstörf sem verða til með fjölgun leikskólabarna en samkvæmt skýrslu starfshóps um eflingu leikskólastigsins frá árinu 2012 er leikskólastigið eina skólastigið sem líður í dag fyrir skort á menntuðum kennurum. Með*



*Þessari breytingu þarf fleiri leikskólakennaramenntaða einstaklinga þar sem gert er ráð fyrir því í lögum að 2/3 þeirra sem sinna kennslu, uppeldi og umönnun barna í leikskólum skuli hafa menntun sem leikskólakennarar.*

*Einnig þarf að gera ráð fyrir stærra húsnæði og fleiri leikskólum með tilheyrandi stofnkostnaði og þar sem tillagan gengur út á að lögbinda leikskólann þurfa dreifbýl sveitarfélög hugsanlega að leggja út í töluverðan kostnað.*

*Í 129. gr. sveitarstjórnarlaga segir að „ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.“ Það er því ljóst að ráðuneytin sem skipuðu þennan starfshóp bera ábyrgð á að kostnaðarmat fari fram á tillögunni og einnig þurfa fulltrúar ráðuneytanna að athuga í sínu baklandi hvort raunverulegur vilji sé til að fara í þetta verkefni.*

*Samband íslenskra sveitarfélaga telur að jafn stórt og pólitískt verkefni sem þetta eigi ekki endilega heima í tímasettri aðgerðaráætlun sem þessari. Eðlilegra væri að hefja viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um bæði fagleg og fjárhagsleg álitæfni áður en farið er að huga að lagabreytingum. Einnig má hugsa sér að tillaga sem þessi fái betra brautargengi í heildarsamkomulagi um stefnumörkun í skólamálum, þar sem jafnframt yrði fjallað um leiðir til þess að auka samfellu í skólastarfi og stytta námstíma til lokaprófs framhaldsskóla. Með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms væri hugsanlega hægt að fjármagna að einhverju leyti þann kostnað sem hlýst af því að taka börn fyrr inn í leikskóla landsins.“*

### **Afstaða sambandsins og breytingartillaga**

Með vísan til framangreindra sjónarmiða leggur sambandið áherslu á að áður en tillögur eru settar fram um að öll sveitarfélög bjóði upp á leikskólavist frá 12 mánaða aldri þarf að liggja fyrir ítarleg stöðu- og kostnaðargreining. Rétt er þó að taka fram að allvíða bjóða sveitarfélög nú þegar upp á leikskólavist fyrir öll börn frá 12 mánaða aldri.

Markmið vinnunnar ætti m.a. að vera að greina bæði faglegar og fjárhagslegar hindranir að því markmiði sem fram kemur í þingsályktunartillögunni. Á grundvelli slíkrar greiningar kann síðan að vera ástæða til að hefja viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um leiðir til þess að innleiða slíka breytingu í áföngum. Slíkar viðræður gætu jafnframt verið liður í víðtækara samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um áherslur í skólamálum, eins og rakið er í fyrrgreindri umsögn frá 18. apríl 2013.

Auk fulltrúa ríkis og sveitarfélaga þyrfti að álitu sambandsins að kalla að slíkri vinnu fulltrúa stjórnenda leikskóla, foreldra, dagforeldra, atvinnulífs og stéttarfélaga. Ljóst er að verkefnið er nokkuð umfangsmikið og verður það ekki unnið á örfáum mánuðum. Skilvirkast væri væntanlega að skipa



verkefnisstjórn sem skipuð yrði fulltrúum ríkis og sveitarfélaga en jafnframt yrði skipuð allfjöldmenn samráðsnefnd sem yrði verkefnisstjórn til ráðgjafar.

Með vísan til framangreindra ábendinga leggur sambandið til að þingsályktun um málið verði svohljóðandi:

*Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að skipa verkefnisstjórn og samráðsnefnd til að gera tillögur um nauðsynlegar aðgerðir til þess að gera sveitarfélögum kleift að bjóða leikskólavist frá 12 mánaða aldri.*

*Verkefnisstjórnin greini bæði faglegar og fjárhagslegar hindranir að því markmiði sem fram kemur í þingsályktuninni, þ. á m. varðandi mannafla- og húsnæðisþörf leikskóla miðað við áætlaða fjölgun leikskólabarna á aldrinum eins til tveggja ára, ásamt þörf fyrir skatta- og/eða þjónustugjaldahækkanir til að mæta auknum kostnaði sveitarfélaga.*

*Nefndin skili tillögum til ráðherra fyrir 1. júlí 2014.*

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/5*  
*komudagur 14.10.2013*

14.10.2013

Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 6. mál.

Vísað er til fyrri umsagnar við 37. mál þar sem tillagan er óbreytt efnislega.

Með kveðju, Best regards,

---

**Guðbjörg S. Jónsdóttir**

Skrifstofustjóri/Office Manager

SVÞ/Federation of Trade & Services

Sími/Phone: +354 511 3000

Gsm: +354 698 3733, email: [guðbjorg@svth.is](mailto:guðbjorg@svth.is)

Borgartún 35, 105 Reykjavík, [www.svth.is](http://www.svth.is)



Alþingi, nefndasvið  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

26. september 2013

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 37. mál**

SVP – Samtök verslunar og þjónustu og SSSK – Samtök sjálfstæðra skóla vilja koma eftirfarandi athugasemdum/ábendingum á framfæri við framangreinda þingsályktunartillögu.


Samtökin fagna framkominni tillögu og telja löngu tímabært að efla samþætta þjónustu fyrir foreldra með ung börn. Það fer vel saman að stefna að því að samfara lengingu fæðingarorlofs árið 2016 verði sveitarfélög í stakk búin að bjóða leikskólaúrræði að loknu fæðingarorlofi ásamt því að efla þjónustu sjálfstætt rekinna umgbarnaleikskóla.

Vakin er athygli á því að innan SSSK eru reknir sjö ungbarnaleikskólar í þremur sveitarfélögum og hafa rekstraraðilar þessara skóla þannig haft forystu um að bjóða valkost fyrir foreldra sem sveitarfélög hafa ekki sinnt. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur tvisvar tekið saman skýrslu fyrir SSSK þar sem borin eru saman opinber framlög til sjálfstætt rekinna grunn- og leikskóla og til skóla rekna af sveitarfélögum. Í síðari skýrslunni sem birt var í desember 2012, kemur fram að bæjarfélög greiða að meðaltali 10-12% minna á hvert barngildi í sjálfstætt reknum skólum en til eigin skóla. Meira en 20% munar í Reykjavík, en annars staðar er munurinn miklu minni. Dýrast er að sinna yngstu börnunum og þau eru fleiri í sjálfstætt reknum leikskólum en skólum sem bæjarfélög reka.<sup>1</sup> Af framangreindu er ljóst að sjálfstætt reknir leikskólar eru hagkvæmur kostur fyrir sveitarfélögin samhliða eigin rekstri og ætti að vera valkostur fyrir foreldra hvort formið þeir velja.

Í ljósi þessa óska samtökin eftir að við skipun nefndar verði litið til þeirrar þekkingar og reynslu sem er að finna hjá rekstraraðilum þessara skóla og þeim gefinn kostur á að skipa fulltrúa í nefndina.

Virðingarfyllst,

F.h. SSSK



Sigríður Anna Guðjónsdóttir, formaður

F.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri

<sup>1</sup> Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: Skýrsla nr. C12:05; Opinber framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla og leikskóla, bls. 13-14, Desember 2012